

Arnar Þór Stefánsson hrl.  
Lex Lögmansstofa  
[arnar@lex.is](mailto:arnar@lex.is)  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2021

### Svar við erindi til stjórnar RÚV vegna úrskurðar siðanefndar Ríkisútvarpsins

Vísað er til erindis dags. 29. mars sl. í kjölfar úrskurðar siðanefndar Ríkisútvarpsins frá því í síðustu viku. Erindið var sent stjórnarmönnum og rætt á fundi stjórnarinnar 30. mars 2021. Var undirritaðri falið að svara erindinu fyrir hönd stjórnar RÚV.

Málefni einstakra starfsmanna Ríkisútvarpsins eru ekki til úrlausnar á borði stjórnar RÚV. Stjórnin hlutast ekki til um fréttáflutning eða aðra dagskrá RÚV, t.d. með því að leggja mat á hvaða starfsfólk sinni umfjöllun eða fréttáflutningi um tiltekin málefni. Þau verkefni eru í höndum hlutaðeigandi dagskrárstjóra, fréttastjóra sem og dagskrárgerðarfólks og fréttamanna og á eru ábyrgð útvarpsstjóra, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013.

Yfirlýsing Ríkisútvarpsins, sem sett var inn á vef þess þegar niðurstaða siðanefndar lá fyrir, kemur frá útvarpsstjóra og varafréttastjóra vegna atriða sem snúa að fréttastofunni.

Með hliðsjón af framangreindu mun stjórn RÚV ekki aðhafast frekar í kjölfar framangreinds erindis frá 29. mars sl.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar RÚV

  
Jóhanna Hreiðarsdóttir  
Stjórnarformaður

Afrit sent Stefáni Eiríkssyni, útvarpsstjóra